



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðalaldur barna sem hófu leikskólagöngu í fyrsta skipti haustið 2023

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Hver var meðalaldur barna við inngöngu (ekki innritun) í borgarreknum leikskólum í ágúst-september 2023? Tekið er fram að verið er að spyrja um meðalaldur barna sem hófu leikskólagöngu í fyrsta skipti, þ.e. höfðu ekki áður verið í leikskóla, t.d. í öðru sveitarfélagi eða hjá sjálfstætt starfandi leikskóla.

Svar:

Við svör fyrirspurnarinnar eru notuð gögn yfir þau börn sem eru skráð í borgarrekna og sjálfstætt starfandi leikskóla þann í nóvember 2023. Eftirfarandi forsendur eru að baki útreikningunum:

- Horft er til barna sem hófu vistun í borgarreknum leikskólum í ágúst eða september 2023 (innskráning). Aðeins er horft til barna sem voru með venjulega vistunarsókn eða forgangsumsókn en ekki til barna þar sem óskað var eftir flutning úr öðrum leikskólum enda ekki um fyrstu leikskóladvöl þeirra barna að ræða.
- Sum börn flytja til Reykjavíkur eftir að hafa verið í leikskólum í öðrum sveitarfélögum eða utan landsteinanna. Það er hins vegar ekki hægt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um hvort börn hafi verið í leikskóla utan sveitarfélags eða ekki áður en þau sækja um leikskóla í Reykjavík. Til þess að hafa þessi börn ekki með í útreikningum á meðalaldri er aðeins horft til þeirra barna þar sem aldur barns við fyrstu umsókn til borgarrekinnna leikskóla er undir 12 mánaða.
- Þar sem borgin tekur ekki á móti nýjum umsóknum fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla þá er aðeins horft til barna sem voru yngri en 36 mánaða við upphaf vistunar. Eldri börn eru líklega að flytja til borgarinnar.

Í töflu 1 er að finna meðalaldur barna sem hófu vistun í ágúst og september 2023 í bæði borgarreknum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum miðað við ofangreindar forsendur.




Tegund leikskóla	Meðaltal aldurs við innskráningu	Miðgildi aldurs við innskráningu	Fjöldi barna
Borgarrekinn leikskóli	21,6	22	584
Sjálfstætt starfandi leikskóli	18,0	17	277
Saman	20,4	21	861

Tafla 1 – Meðalaldur barna við innskráningu í leikskóla í ágúst og september 2023

Börnum í borgarreknum leikskólum hefur fjölgað um 356 barn milli 1. október 2022 og 2023 og þeim hefur fjölgað um 122 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum á sama tíma og því eru 478 fleiri börn í vistun í leikskólum í borginni en í október í fyrra. Ástæða þess að meðalaldurinn hefur hækkað þrátt fyrir þessa aukningu er að óvenju fá pláss losnuðu við það að elsti árgangurinn, fæddur 2017, fór upp í grunnskóla en þessi fæðingarárgangur er sá fámennasti frá aldamótum og sá minnsti sem er í þjónustu sviðsins. Börnin sem eru á öðru aldursári þ.e eru fædd árið 2022 eru hins vegar mjög mörg eða á pari við stóru árgangana 2009 og 2010 sem eru á unglíngastigi núna. Jafnframt hefur verið talsvert um umsóknir frá eldri börnum sem líklega eru að flytjast til borgarinnar þótt ekki sé hægt að staðfesta það með þeim gögnum sem sviðið hefur yfir að ráða.

Innritun í leikskóla í borginni er margslungið ferli og því eru ofangreindar forsendur gefnar til að gefa sem mest lýsandi meðaltal m.v. stöðuna. Meðalaldur einn og sér gefur þó aðeins brot af heildarmyndinni og ber að horfa jafnframt til dreifingar á aldri barna sem eru tekin inn. Á mynd 1 má sjá aldur barna við upphaf vistunar (innskráningu) eftir eðli umsóknar í borgarrekna leikskóla. Börn sem flytja til borgarinnar eru á öllum aldri en þar sem kennitöluröðun ræður inntöku staldra eldri börnin oftast mjög stutt við á biðlistum áður en þau fá inngöngu.





Reykjavíkurborg

Þá er rétt að taka fram að staða mönnunar hefur haft áhrif á hversu mörg börn hafa hafið vistun í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Þökk sé þeirri uppbyggingu á leikskólaplássum sem hefur verið í gegnum Brúum Bilið áætlunina, hefur verið hægt að flytja til börn í þeim leikskólum sem skyndilega hefur þurft að loka vegna viðmikilla verkefna tengdum rakaskemmtun og viðhaldi. Það hefur þó óhjákvæmilega leitt til þess að ekki hefur verið hægt að bjóða eins mörgum nýjum börnum vistun eins og vonir stóðu til.